

SJÁLFSMATSSKÝRSLA MÍ 2010-2011



Menntaskólinn á Ísafirði

Guðrún Á. Stefánsdóttir
Hildur Halldórsdóttir
Katrín Gunnarsdóttir
Rúnar Helgi Haraldsson

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	1
Inngangur	2
Innra mat	2
Ytra mat	2
Stofnunin og einkenni hennar	2
Nemendur	2
Kennarar og aðrir starfsmenn	3
Skólanámskráin	3
Samvinna skóla (VÍSASAUÐNES)	5
Fundir	6
Starfshópar og nefndir	7
Ýmis verkefni sem unnin voru á starfsárinu 2010-2011	8
Starf sjálfsmatsnefndar veturinn 2010-2011	9
Fundir sjálfsmatsnefndar	10
Lykilþættir sem meta á í skólastarfinu	10
Þjónustu- og stjórnunarkönnun	11
Könnun um líðan nemanda	12
Tölulegar upplýsingar	12
Hvernig tókst til?	14
Lokaorð	14
Viðauki – Niðurstöður þjónustukönnunar á myndrænu formi	16

Inngangur

Hér á eftir fer sjálfsmatsskýrsla Menntaskólans á Ísafirði (MÍ) fyrir skólaárið 2010-2011. Í skýrslunni eru almennar upplýsingar um skólann og einkenni hans. Fjallað er um mat á skólastarfinu og sjálfsmatsáætlun skólans. Gerð er grein fyrir verkefnum sem unnin voru á starfsárinu og nánari útskýringar á aðferðum og niðurstöðum þegar það á við.

Innra mat

Sjálfsmatsnefnd var fyrst komið á í MÍ 13. október 1997 í kjölfar nýrra laga um framhaldsskóla nr. 80/1996. Í þeim lögum komu í fyrsta skipti fram ákvæði um sjálfsmat skóla. Samkvæmt lögnum þarf hver skóli að útfæra sínar sjálfsmatsaðferðir. Sjálfsmatinu er ætlað að meta hvort markmið skólans hafi náðst, benda á það sem vel er gert sem og finna leiðir til þess að laga það sem betur má fara. Tilgangurinn með sjálfsmati er fyrst og fremst sá að bæta og efla skólastarfið. Unnið er að þróun sjálfsmats innan skólans.

Ytra mat

Menntamálaráðuneytið hefur séð um ytra mat Menntaskólans á Ísafirði. Úttektir hafa verið gerðar á vegum ráðuneytis árin 2000 og 2006. Nú síðast lét Menntamálaráðuneytið taka út sjálfsmatsaðferðir Menntaskólans á Ísafirði veturinn 2007-2008 og skilaði nefndin skýrslu til skólans 18. apríl 2008.

Stofnunin og einkenni hennar

Menntaskólinn á Ísafirði var stofnaður 3. október 1970 sem bóknámsskóli með hefðbundnu bekkjakerfi. Skólinn tók á sig núverandi mynd um 1990 þegar Menntaskólinn, Iðnskóli Ísafjarðar (stofnaður 1905) og húsmæðraskólinn Ósk (stofnaður 1912) sameinuðust í einn skóla, sem þar með tók upp kennslu í ýmsum verknámsgreinum auk bóknáms til stúdentsprófs. Árið 1995 var gerður samningur við sveitarfélögin á Vestfjörðum um stofnun Framhaldsskóla Vestfjarða og var skólinn starfræktur undir því heiti til ársins 2000 að samþykkt var að færa nafn hans til fyrra horfs. Menntaskólinn á Ísafirði hefur því endurheimt sitt upprunalega heiti, þó að starfsemi hans hafi mikið breyst frá því hann var stofnaður. Hann er nú fjölbrautaskóli með áfangakerfi þar sem boðið er upp á almenna námsbraut, iðnnám, starfsbrautir og bóknám til stúdentsprófs. Starfsbraut fyrir fatlaða nemendur er starfrækt við skólann.

Nemendur

Upptökusvæði MÍ eru norðanverðir Vestfirðir. Nýir nemendur eru innritaðir þegar umsókn með rafrænum hætti er lokið. Nokkrir nemendur sækja alltaf um nám eftir að umsóknarfresti lýkur og eru þeir innritaðir ef pláss leyfir í hópum. Eftir valdag á hverri önn er ákvörðun tekin um hvaða áfangar

verða í boði á næstu önn. Við upphaf haustannar 2010 voru skráðir nemendur 302 þar af voru 83 skráðir í verknám eða 27,5% síðar bættust við 35. Í desember brautskráðust 7 nemendur en 57 á vorönn eða samtals 64 nemendur á skólaárinu þar af brautskráðust 36 stúdentar. Á vorönn hófu 278 nám við skólann og þar af 55 í starfs- og verknámi eða 19,8%.

Nýnemar voru 74 við upphaf skólaársins 2010-2011 og komu allir úr grunnskólum á norðanverðum Vestfjörðum utan tveggja nemenda. Tveir nemar sem luku grunnskólaprófi vorið 2010 bættust í nemendahópinn í byrjun árs 2011. Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands voru 92 nemendur skráðir í 10. bekk í grunnskólum á norðanverðum Vestfjörðum árið 2010 en samkvæmt upplýsingum frá skólastjórnendum voru 87 nemendur í 10. bekk vorið 2010. Þessum tölum ber ekki saman. Gefa þessar tölur til kynna áframhaldandi fækkun íbúa á svæðinu sem er mesta ógn skólans. Á hverri vorönn er grunnskólanemum í 10. bekk á norðanverðum Vestfjörðum boðið í skólann. Þeim er kynnt námsframboð og sýnd húsakynni skólans auk þess sem stjórn nemendafélagsins kynnir félagslífið. Nemendur í 9. og 10. bekk í grunnskólum á norðanverðum Vestfjörðum hafa nokkur undanfarin ár sótt valáfanga í verklegum greinum í MÍ.

Kennarar og aðrir starfsmenn

Skólaárið 2010-2011 störfuðu við skólann 38 starfsmenn þar af voru að jafnaði 30 kennarar í 24,3 stöðugildum á haustönn en 23,5 stöðugildum á vorönn. Yfirvinna vegna kennslu var að jafnaði 87 kennslustundir á viku, þar af voru greiddar að jafnaði 24 kennslustundir vegna forfalla. Sviðstjórar voru 11. Með kennsluréttindi voru samtals 21 kennari, þar af 15 starfsmenn með meistarapróf og einn með doktorspróf. Í heilum stöðum voru 32 starfsmenn sem deildu með sér um 35 stöðugildum að yfirvinnu meðtalinni.

Í töflu 1 eru birtar tölur um stöðugildi í hverju starfi frá haustönn 2008 til vorannar 2011. Eins og fram kemur í töflu 1 hefur stöðugildum fækkað um 5,2 frá haustönn 2008 sem endurspeglar viðbrögð við niðurskurði. Mestur hefur niðurskurðurinn verið í kennslu eða samtals um þrjú stöðugildi. Sérstakur upplýsingatæknistjóri var ráðinn tímabundið í fullt starf til eins árs en síðan var starfshlutfallið minnkað og á haustönn 2010 var starfið felld niður og kennara falið að aðstoða nemendur og kennara við notkun upplýsingstækninnar sem nemur 1 yfirvinnustund á viku. Starfshlutfalli félagsmála- og forvarnarfulltrúa var sagt upp en þess í stað voru þessi störf launuð með einu þrepi. Launakjör fyrir þessi störf verða endurskoðuð á haustönn 2011.

TAFLA 1. STÖÐUGILDI FRÁ HAUSTÖNN 2008 TIL VORANNAR 2011.

	20082	20091	20092	20101	20102	20111
Skólameistari	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00
Aðstoðarskólameistari	0,75	0,75	-	0,42	0,75	0,75
Áfangastjóri	0,75	0,75	1,00	0,75	0,75	0,75
Staðgengill aðstoðarskólameistara	-	-	-	0,25	-	-
Fjármálastjóri	0,30	0,30	0,30	1,00	1,00	1,00
Fjármálafulltrúi	0,70	0,70	0,70	0,08	-	-
Námsskrárstjóri	0,50	0,50	0,50	0,50	0,50	0,50
Náms- og starfsráðgjöf	1,00	1,00	1,00	0,90	1,00	1,00
Kennarar	26,4	26,4	25,1	23,4	24,4	23,5
Upplýsingatæknistjóri	1,00	0,31	0,31	0,33	0,03	0,05
Félagsmálastjóri	0,13	0,13	0,03	0,03	0,03	0,03
Forvarnarfulltrúi	0,13	0,03	0,03	0,03	0,03	0,03
Bókavörður	1,00	0,75	0,75	0,75	0,75	0,75
Stuðningsfulltrúi	-	0,50	-	0,25	-	-
Ritari	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00
Húsvörður	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00
Ritun sögu Mí	0,33	0,33	0,08	-	-	-
Heimavistarvarsla	0,50	0,50	0,30	0,35	0,35	0,35
Ræsting	3,09	3,09	3,09	2,73	2,73	2,73
Samtals stöðugildi	39,6	39,0	36,2	34,7	35,3	34,4
Breyting frá 20082		-	-	-	-	-
		0,6	3,4	4,9	4,3	5,2

Fjármál og rekstur

Tekjuafgangur var á rekstri skólans árið 2010 sem nam 21.02 millj. kr og uppsafnaður tekjuafgangur frá 2009 var 7.2 millj. kr. Þetta er algjör viðsnúningur frá rekstrarafkomu fyrri ára eins og fram kemur í töflu 2.

TAFLA 2. FJÁRHEIMILDIR OG REKSTUR SKÓLANS FRÁ 2005.

Í m.kr.	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Fjárheimild ársins	207	213	248	247	249	290
Afgangur/halli ársins	-12	-15	17	-14	7,2	21,0
Hlutfall af fjárheimild ársins	-5,8%	-7,0%	6,9%	-5,7%	2,9%	7,3%

Þessi árangur hefur náðst með því að fækka stöðugildum um 5 frá haustönn 2008. Ef borin eru saman skólaárin 2006-2007 og 2010-2011 kemur í ljós að kennslustundum hefur fækkað um 13,9% eða sem nemur 3,4 stöðugildum en ársnemendafjöldinn er nánast hinn sami. Niðurskurður í fjárveitingum 2011 nam 9,4% og að auki hefur uppsafnaður kostnaður vegna forfallakennslu numið 3,2 stöðugildum s.l. fjórar annir. Vegna þessa er gert ráð fyrir 14 millj. kr. halla Í í fjárhagsáætlun 2011. Þetta þýðir að frekari niðurskurður mun leiða til enn frekari rekstrarhalla árið 2012 miðað við óbreytt námsframboð og starfsmannahald og var 2010.

Skólanámskráin

Skólanámskráin er bæði stefnuýfirlýsing og starfsáætlun skólans og byggir á gildandi aðalnámskrá framhaldsskóla. Þar er að finna almennar upplýsingar um skólann, ýmsar reglur og inntökuskilyrði. Skólanámskráin er þannig nokkurs konar leiðarvísir um skólann. Skólanámskrá Menntaskólans á Ísafirði er tekin til endurskoðunar með reglulegu millibili. Endurskoðun á markmiðakafla skólanámskrár hófst á vorönn 2011 og vinna með þann kafla hélt áfram í byrjun haustannar 2011. Endurskoðun skólanámskrárinnar er í höndum stjórnenda, kennarafundar og skólaráðs og síðan kynnt á skólanefndarfundum. Á vef skólans er hægt að nálgast skólanámskrána í heild sinni og eru allar breytingar uppfærðar á vefnum þegar þær hafa verið samþykktar.

Samvinna skóla (VÍSASAUÐNES)

Samvinna er á milli MÍ, FNV, VA og FIV um innleiðingu nýju framhaldsskólalaganna. Áhersla hefur verið á uppbyggingu námsbrauta og vörpun áfanga yfir á þrep og samræmingu á innri ferlum skólanna. Skólameistarar VÍSASAUÐANES skólanna halda reglulega símafundi og nota einnig tækifærið og halda fundum þegar þeir hittast. Á þeim fundum hefur þróast víðtækara samstarf um marga þætti skólastarfsins. Fámennir áfangar á efstu stigum á náttúrufræðibraut hafa verið kenndir í dreifnámi. Skipst hefur verið á upplýsingum er varðar hagræðingu í skólastarfi og viðbrögð við niðurskurði. Sérstaklega hefur verið rætt um leiðir til að hagræða í kennslu faggreina og upplýsingatækniþjónustu og endurskoðun á ýmsum störfum öðrum en kennslu.

Skólarnir stefna að því að fara í sameiginlegt verkefni um uppbyggingu framhaldsskólabrautar með áherslu á nýsköpun og starfrænar smíðjur (Fab-lab) veturinn 2011-2012.

Fundir

Skólanefndarfundir Skólanefnd er skólameistara til samráðs um starf skólans, fjárreiður hans og starfsmannamál. Áheyrnarfulltrúar kennara, nemenda og foreldra sitja skólanefndarfundir. Fundir skólanefndar voru fimm á starfsárinu 2010-2011.

Skólaráðsfundir Skólaráð hélt 11 fundi á skólaárinu. Fundir eru haldnir að meðaltali aðra hvora viku. Farið var yfir undanþágur og frávik frá skólasókn og innra starf skólans svo og hagsmunamál nemenda.

Stjórnendafundir Vikulega fundi stjórnenda sátu skólameistari, aðstoðarskólameistari, áfangastjóri og Guðrún Á. Stefánsdóttir námsráðgjafi sem er í 50% starfshlutfalli sem námsskrárstjóri. Á fundum stjórnenda var m.a. farið yfir stöðu ýmissa mála og eftirfylgni þeirra og skólastarfið skipulagt. Fjármálastjóri sat þessa fundi þegar fjármál skólans voru til umræðu.

Stjórnenda- og námsráðgjafafundir Á vikulegum fundum stjórnenda og námsráðgjafa var farið yfir málefni er snúa að nemendum og eftirfylgni þeirra mála.

Kennarafundir-skólafundur Almennir kennarafundir fjalla um stefnumörkun í starfi skólans, m.a. námsskipan, kennsluhætti, gerð skólanámskrár, tilhögun prófa og námsmat. Á kennarafundum er kosið í ýmsar nefndir skólans. Allir starfsmenn eru boðaðir á kennarafundi sem haldnir eru en sérstakur skólafundur á haustönn 2011. Sex kennarafundir voru haldnir á skólaárinu, þrjár á haustönn og þrjár á vorönn. Ráðgert er að halda skólafund

Fimmtudagsfundir Fastur fundartími er á stundatöflu á fimmtudögum. Þessir tímar voru notaðir til ýmissa fundarhalda, formlegra sem óformlegra. Fundartíminn var m.a. nýttur fyrir sviðsfundi og sviðsstjórafund þar sem áherslan var lögð á þróun leiðsagnarmats. En einnig fór í fundartíma fram val fyrir næstu önn, umsjónartímar voru haldnir með nemendum og umsjónarkennurum og ýmsir fræðslu- og kynningarfundir voru haldnir. Nemendur nýttu þennan tíma líka undir ýmsa viðburði og voru oft með auglýsta dagskrá.

Sviðsfundir Sviðstjórar funduðu með sínu fagsviði nokkrum sinnum yfir veturinn. Aðstoðarskólameistari fundaði með sviðstjórum einu sinni á skólaárinu. Farið var yfir gang mála innan sviðanna s.s. kennslumagn og kennsluáðstöðu. Hlutverk sviðsstjóra er að leiða faglegt samstarf á sínu sviði og hafa umsjón með gerð kennsluáætlana, kennslu, vali á námsefni, námsmati og þróunarvinnu í samvinnu kennara í grein sinni eða greinum.

Námskrárfundir Aðaláhersla námskrárvinnunnar var á leiðsagnarmatið síðastliðinn. vetur. Unnið er að þróun leiðsagnarmats við skólann undir leiðsögn áfangastjóra. Nefnd áhugasamra um framhaldsskólabraut sá um endurskoðun á fyrri drögum að framhaldsskólaprófi. Fyrirhugað er að

samstarfskólarnir vinna sameiginlega að uppbyggingu framhaldsskólabrautar. Námskrárstjóri starfar að innleiðingu nýrrar námskrár í samráði við stjórnendur, sviðstjóra og kennara og hefur verið í teymi samstarfsskólanna um ýmsa þætti er varða námskrána.

Námsráðgjafafundir Á sérstökum fundum námsráðgjafa og á fundum námsráðgjafa og stjórnenda er farið yfir málefni er varðar stöðu nemenda og umsjón með nemendum. Námsráðgjafar gera sérstaka námskrá um umsjón og námsráðgjöf og styðja við umsjónarkennara eins og kostur er. Markmið námsráðgjafa sl. haust var að tala við alla nýnema skólans. Í LKN 103 fengu nýnemar uppgefna viðtalstíma hjá námsráðgjafa og námsráðgjafar sendu nýnemum sms til að minna á viðtalið. Nýnemaviðtöl urðu 61 eða 82,4%. Skráð viðtöl námsráðgjafa skólaárið 2010-2011 voru 1124 auk þess 209 tölvuerindi. Erindin voru því samtals 1333 sem eru alltaf að fjölga.

Fundir umsjónarkennara og nemenda Námsráðgjafar skipuleggja umsjónartíma í upphafi hvorrar annar. Umsjónarkennarar geta alltaf gengið að öllum gögnum um umsjón á sameiginlegu tölvusvæði kennara. Fjórir skipulagðir umsjónartímar eru skipulagðir á hvorri önn. Umsjónarkennarar veita nemendum upplýsingar um skólann og aðstoða við námsval á sérstökum umsjónarfundum. Einnig fá nemendur yngri en 18 ára a.m.k. eitt einkaviðtal við umsjónarkennara. Umsjónarkennarar senda nemendur til námsráðgjafa ef með þarf. Umsjónarkennurum nemenda yngri en 18 ára ber að hafa samband við foreldra ef nemendur stunda ekki nám eins og þeim ber. Fylgst er vel með mætingum nemenda til að draga úr brottfalli.

Fundur með foreldrum nýnema Við upphaf haustannar var haldinn fundur með foreldrum nýnema þar sem farið var yfir ýmiss mál er tengjast náminu, foreldrafélagið kynnt, námsráðgjafar og félagsmálastjóri kynntu starfssvið sitt og umsjónarkennarar hittu foreldra sinna umsjónarnemenda.

Starfshópar og nefndir

Jafnréttisnefnd Jafnréttisáætlun var endurskoðuð á haustdögum 2009 með vísan í ný jafnréttislög nr. 10/2008. Í jafnréttisnefnd voru: Guðrún Á. Stefánsdóttir, Hrafnhildur Hafberg og Tryggvi Sigtryggson. Ný endurskoðun mun fara fram haustið 2011.

Forvarnarteymi Í forvarnarteymi voru stjórnendur, námsráðgjafar og lífsleiknikennarar en úr þeim hópi er Stella Hjaltadóttir, námsráðgjafi og forvarnafulltrúi sem er í forsvari fyrir stefnumörkun og framkvæmd forvarna í skólanum. Forvarnarteymið stuðlar að því að forvarnir í viðtækum skilningi séu hluti af daglegu starfi skólans.

Leiðsagnarmatshópur Vinnuhópur um innleiðingu leiðsagnarmats við skólann hóf störf á vorönn 2010 og starfaði áfram veturinn 2010-2011. Stjórnandi vinnuhóps er Hreinn Þorkelsson, áfangastjóri.

Námskrárnefnd Stjórnendur og námskrárstjóri ásamt kennurum vinna að innleiðingu nýrrar námskrár. Áherslan innan MÍ hefur verið á leiðsagnarmatið og breytta kennsluhætti.

Samstarfsnefnd Á vorönn 2011 voru haldnir þrjú fundir í samstarfsnefnd og var endurskoðaður stofnanasamningur MÍ og KÍ samþykktur 12. apríl 2011.

Öryggisnefnd Á haustönn 2010 var Páll Gunnar Loftssonhúsvörður skipaður öryggisvörður í stað Guðna Ásmundssonar sem lét þá af störfum sem húsvörður. Á vorönn 2011 tók Þröstur Jóhannesson við starfi öryggistrúnaðarmanns í stað Guðmundar Þórs Kristjánssonar sem lést í lok árs 2010. Vegna fráfalls öryggistrúnaðarmanns fékk skólinn frest frá Vinnueftirliti Vestfjarða til að skila áhættumati og vinnur nú samkvæmt aðlöguðu eftirliti. Í maí sóttu öryggisvörður og öryggistrúnaðarmaður vinnuverndarnámskeið hjá Vinnueftirlitinu. Öryggisnefnd mun hefja kerfisbundið vinnuverndarstarf á haustönn 2011 með aðstoð vinnueftirlitsins. Stefnt er að útgáfu áhættumatskýrsla í mars 2012.

Sjálfsmatsnefnd Við upphaf haustannar 2010 sátu í nefndinni Jón Reynir Sigurvinsson skólameistari, Hildur Halldórsdóttir aðstoðarskólameistari, Guðrún Á. Stefánsdóttir námsráðgjafi og Rúnar Helgi Haraldsson sviðstjóri félagsgreina. Á kennarafundi í nóvember 2010 var samþykkt að bæta við einum fulltrúa úr hópi kennara og að skólameistari viki úr nefndinni. Katrín Gunnarsdóttir var valin til setu í nefndinni á fundinum og kom til starfa á fyrsta fundi vorannar þann 8. febrúar 2011.

Ritgerðasmíð Á námskrárnefndarfundum á vorönn 2010 kom fram ósk um að gerðar yrðu samræmdar leiðbeiningar fyrir nemendur varðandi ritgerðasmíð. Stjórnandi vinnuhóps um samræmdar reglur og ritgerðarmat var Hrafnhildur Hafberg. Vinnuhópurinn lauk vinnu sinni á haustönn 2010 og samræmdar leiðbeiningar hafa verið settar fram.

Ýmis verkefni sem unnin voru á starfsárinu 2010-2011

Starfsmannasamtöl Starfsmannaviðtöl fóru fram síðari hluta vorannar 2011. Starfsmenn eru í aðdraganda starfsmannaviðtals beðnir um að fylla út sérstakt eyðublað, þar sem þeir lýsa meðal annars helstu styrkleikum og veikleikum sínum í starfi og benda á það sem betur má fara. Í starfsmannaviðtölum ræðir skólameistari við starfsmenn um líðan, starfsaðstæður og árangur í starfi og niðurstöður úr kennslukönnunum ræddar.

Í skýrslu Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands sem út kom í desember 2010 er greint frá niðurstöðum spurningakönnunar um starfshætti framhaldsskóla og viðhorf starfsfólks sem er hluti af rannsóknarverkefninu Skilvirkni framhaldsskóla. Í níu af nítján markmiðum um skólastarfið telja kennarar MÍ að þeim takist betur að meðaltali að ná fram markmiðum sínum eins og t.d. að:

- Undirbúa nemendur fyrir háskólanám í sérstökum greinum og undir ákveðið starf.
- Stuðla að menntun sem er sniðin að þörfum atvinnulífsins.
- Stuðla að alhliða þroska og góðri sjálfsmynd og tryggja vellíðan nemenda í skólanum.

Einnig telja kennarar Mí sig stuðla að aukinni tillitsemi og félagshæfni nemenda. Í svörum kennara í starfsmannasamtölum kom fram hjá þeim öllum að styrkleiki skólans er fyrst og fremst fámennið og sú mikla nánd sem þeir eru við nemendur og samfélagið hér. Veikleikinn er einnig fámennið og sú íbúapróun sem verið hefur undanfarna marga áratugi. Þetta viðhorf fékkst staðfest í starfsmannaviðtölum við kennara. Þá kom fram í starfsmannaviðtölum að flest af því sem sem starfsmenn töldu að betur mætti fara hefur verið að langmestu leyti lagfært eins og ýmislegt er varðar vinnuaðstöðu og samskipti.

Kennsluáætlanir Útlit og uppsetning kennsluáætlana hefur verið samræmt. Kennarar skila inn kennsluáætlunum í upphafi annar og eru þær vistaðar á námsvefinn Moodle og einnig á sameiginlegu tölvusvæði kennara.

Móttaka nýrra kennara Aðstoðarskólameistari tók á móti nýjum starfsmönnum og leiddi þá inn í starfið í skólanum. Farið var yfir hagnýt atriði er varða skólann og tölvukerfið. Skólameistari ræddi um launagreiðslur og gekk frá ráðningasamningi og vinnuskýrslum. Nýir starfsmenn voru kynntir fyrir samstarfsfólki sínu á fyrsta kennarafundi annarinnar.

Miðannarmat Á miðri önn voru nemendur metnir með miðannarmati og umsjónakennarar afhentu matið og gátu foreldrar nemenda undir 18 ára aldri skoðað það í Innu. Í kjölfarið var talað við þá nemendur sem virtust ekki vera að ná námsmarkmiðum.

Próf Aðstoðarskólameistari er prófstjóri og sér um skipulagningu prófa og eftirlit með þeim. Eins og undanfarin ár skila kennarar prófum daginn fyrir prófdag í sérstakan prófskáp. Námsráðgjafar skila á hverri önn lista fyrir kennara um sérþarfir nemenda í prófum. Eitt af markmiðum samstarfs skólanna (VÍSASAUÐNES) er að þróa leiðsagnarmat og draga úr vægi prófa. Prófdögum hefur verið fækkað.

Starf sjálfsmatsnefndar veturinn 2010-2011

Við skólann fór fram sjálfsmat samkvæmt framhaldsskólalögum og um það sá sjálfsmatsnefnd sem skipuð er fulltrúum kennara og stjórnenda. Nefndin vann að endurskoðun á sjálfsmatsáætlun skólans fram til ársins 2013, auk þess sem lokið var við að skrifa skýrslu sjálfsmatnefndar fyrir skólaárið 2009-2010. Nefndin skipulagði einnig þjónustu- og stjórnendakönnun til að leggja fyrir nemendur á vorönn 2011. Könnunin var lögð fyrir í lok apríl 2011 og fjallað er um niðurstöður hennar hér í skýrslunni. Nefndin safnaði einnig saman ýmsum tölulegum upplýsingum um innra starf skólans og eru þær upplýsingar birtar hér í skýrslunni.

Fundir sjálfsmatsnefndar

Formlegir fundir sjálfsmatsnefndar á skólaárinu voru fjórir. Einn fundur var haldinn á haustönn og þrjár á vorönn. Þess á milli voru óformlegir fundir þar sem m.a. var unnið að sjálfsmatskýrslu í september og október 2010. Skýrslunni var að þessu sinni skilað á réttum tíma en það var markmið sem sjálfsmatsnefnd hafði sett sér á skólaárinu 2009-2010. Samkvæmt áætlun hafði átt að leggja fyrir þjónustu- og stjórnunarkönnun á haustönn og kennslukönnun á vorönn. Þessi áætlun fór úr skorðum þannig að ekki varð úr framkvæmd þjónustu- og stjórnunarkönnunar fyrr en á vorönn. Kennslukönnun var frestað til haustannar 2011. Nefndarmenn skiptu með sér verkum milli funda. Rúnar Helgi Haraldsson sá um fyrirlögn könnunar og tók saman niðurstöður. Hildur Halldórsdóttir, Guðrún Á. Stefánsdóttir og Katrín Gunnarsdóttir rituðu sjálfsmatskýrslu skólans.

Lykilþættir sem meta á í skólastarfinu

Ferli úttekta og kannana felst í því að geta skoðað það sem fram fer í skólastarfinu og vinna að þeim markmiðum sem sett hafa verið, skoða hvernig til hefur tekist og setja ný markmið. Þau hjálpartæki sem nýtast við matið eru spurningalistar, viðhorfsskannanir, einkunnagögn, skólasóknargögn, brottfallsgögn, o.fl. Yfirlit yfir úttektir og kannanir á lykilþáttum í skólastarfi eru að finna í töflu 3.

TAFLA 3. LYKILÞÆTTIR SEM META Á Í SKÓLASTARFINU

Hvað gerum við?	Hve oft?	Hver	Ágú	Sept	Okt	Nóv	Des	Jan	Feb	Mar	Apr	Maí	Jún	Stóðst
Skólasókn	Vikulega	KEN	✓	✓	✓	✓		✓	✓	✓	✓			V
Skólasóknaryfirlit	Mánaðarlega	SKR		✓	✓	✓		✓	✓	✓	✓			V
Miðannarmat	Á hverri önn	KEN			✓					✓				V
Mat sent foreldrum/Inna	Á hverri önn	ÁFS			✓					✓				V
Námsmat	Á hverri önn	KEN					✓					✓		V
Brottfall í áfanga	Á hverri önn	KEN					✓					✓		V
Úrslit prófa/námsmats	Á hverri önn	KEN					✓					✓		V
Úrslit prófa, samantekt	Á hverri önn	SSTJ					✓					✓		V
Stjórnendur														
Starfsþróunarviðtöl	Á hverri önn	SKM				✓	✓		✓	✓	✓			V
Skýrsla um úrslit prófa	Á hverri önn	ASM						✓					✓	V
Skýrsla um skólasókn	Á hverri önn	ASM						✓					✓	V
Skýrsla um brottfall	Á hverri önn	AMS						✓					✓	V
Ársskýrsla	Árlega	SKM											✓	V
Skólanámskráin	Á hverri önn	NSK	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	V
Markmið skólanámskrár	Á hverri önn	NSK		✓							✓		✓	
Sjálfsmatsnefnd			H 2009	V 2010	H 2010	V 2011	H 2011	V 2012	H 2012	V 2013	H 2013	V 2014		
Kennslukönnun	Þriðju hv.önn	SMN	✓				✓		✓			✓		
Foreldrakönnun	Þriðju hv.önn	SMN					✓			✓				
Stjórnunarkönnun	Þriðju hv.önn	SMN				✓			✓			✓		V

Þjónustukönnun	Þriðju hv.önn	SMN			✓			✓		✓		V
Könnun/líðan nemenda	Þriðju hv.önn	SMN	✓*				✓			✓		*Hætt við
Sjálfsmatsskýrsla	Árlega	NSK		✓		✓		✓		✓		V

Skammstafanir: KEN=kennarar, SKR= skrifstofa, SSTJ=sviðstjórar, SMN = sjálfsmatsnefnd, SKM = skólameistari, ASM = Aðstoðarskólameistari, ÁFS = áfangastjóri, NSK=námskrárstjóri,

Þjónustu- og stjórnunarkönnun

Í lok apríl var þjónustukönnun lögð fyrir nemendur skólans. Alls svöruðu 119 nemendur könnuninni eða tæp 43% nemenda skólans. Í könnuninni var spurt um eftirtalin atriði sem teljast til stoðþjónustu og samskipta við stjórnendur skólans: Bókasafn, mötuneyti, skrifstofu, námsráðgjöf, áfangastjórn, húsvörslu, samskipti við fjármálastjóra, samskipti við aðstoðarskólameistara, samskipti við skólameistara, dreifnám og P-nám, tölvubúnað skólans. Þegar á heildina er litið eru niðurstöður könnunarinnar jákvæðar. Flestir þeirra sem svöruðu könnuninni höfðu nýtt sér þjónustu mötuneytis, bókasafns, námsráðgjafa og ritara. Almennt var mikill meirihluti þeirra sem tóku afstöðu ánægðir með reynslu sína af stoðþjónustu skólans. Einnig var spurt um það hvort nemendur teldu að bókasafnið væri opið hæfilega lengi. Rúm 66% þeirra sem svöruðu voru sammála því að safnið væri opið hæfilega lengi, en tæp 20% voru því ósammála. Þegar spurt var um samskipti við skólameistara, aðstoðarskólameistara, áfangastjóra, húsvörð og fjármálastjóra kom í ljós að einungis um helmingur hafði átt samskipti við fyrstu fjóra aðilana. Ennþá færri höfðu átt samskipti við fjármálastjóra eða einungis 12% þeirra sem svöruðu. Mikill meirihluti þeirra sem svöruðu voru þó ánægðir með samskipti sín við þessa aðila. Í könnuninni var einnig spurt hvort nemendur stunduðu fjarnám við aðra skóla en MÍ og eins hvort þeir stunduðu dreifnám eða væru P-nemendur við MÍ. Í fjarnámi við aðra skóla voru 13% þátttakenda, 13% aðspurðra sögðust vera skráðir í P-nám í MÍ en 46% sögðust vilja vera í dreifnámi við MÍ. Þegar spurt var hvort nemendur væru ánægðir með fyrirkomulag P-náms við MÍ tók rúmur helmingur ekki afstöðu, 25% kváðust ánægð eða frekar ánægð með fyrirkomulagið en tæp 20% voru óánægð eða frekar óánægð. Að lokum voru nemendur spurðir um tölvunotkun í skólanum en frá haustinu 2010 hafa allir nemendur skólans haft aðgang að fartölvum skólans á skólatíma. Mikill meiri hluti þátttakenda kvaðst koma með sína eigin tölvu í skólann, eða 82%. Þegar spurt var hvort nemendur fengju lánaða tölvu í skólanum sögðust 51% nemenda aldrei fá lánaða tölvu, 42% sögðust stundum fá lánaða tölvu en 7% nemenda sögðust oft fá lánaða tölvu í skólanum. Rúm 57% nemenda voru ósammála eða frekar ósammála því að tölvur skólans virkuðu vel. Tæp 27% voru sammála eða frekar sammála því að þær virkuðu vel og tæp 16% tóku ekki afstöðu. Niðurstöður könnunarinnar í heild eru í viðauka aftast í skýrslunni.

Könnun um líðan nemanda

Samkvæmt áætlun um sjálfsmat átti á vorönn 2010 að leggja könnun fyrir nemendur um líðan þeirra í skólanum og utan hans. Þar sem vitað var af því að mun ítarlegri könnun á vegum Rannsókn- og greiningar yrði lögð fyrir á haustönn 2010 var tekin sú ákvörðun að leggja könnunina ekki fyrir nemendur á þessu skólaári. Skólinn óskaði eftir sérstakri úrvinnslu á niðurstöðum könnunar Rannsókn- og greiningar fyrir nemendur í MÍ og barst skýrslan til skólans í desember 2010 (Vímuefnanotkun, hagir og líðan framhaldsskólanema á Íslandi 2010, RANNSÓKNIR OG GREINING, Háskólanum í Reykjavík 2010). Af niðurstöðum í þessari skýrslu er sérstaklega athyglisvert að nemendur MÍ skipa tíunda neðsta sætið meðal allra framhaldsskóla hvað daglegar reykingar varðar með 10,5% en skipa neðsta sætið í hlutfalli nemenda í öllum framhaldsskólum á Íslandi haustið 2010 sem hafa orðið ölváðir sl. 30 daga. Munn og neftóbaksnotkun drengja 18 ára og eldri er mikil hér eins og annars staðar þá vilja um 25% stúlkna 18 ára og eldri hætta í skóla. Nemendum líkar vel við kennara MÍ en þó vilja 38,2 stúlkna 18 ára og eldri skipta um skóla og 32,1% drengja 18 ára og eldri. Stúlkum 18 ára og eldri virðist líka líða verr í MÍ en landmeðaltal segir til um en 7,1% líður illa í kennslustundum og 21,4% stúlkna 18 ára og eldri telur sig utanveltu í skólanum. Hvað veldur þessu er ekki ljóst en skólinn stefnir að því að kanna þessa þætti sérstaklega á næsta skólaári í tengslum við verkefnið Heilsuefandi framhaldsskóli en það verkefni hefst á haustönn 2011.

Tölulegar upplýsingar

Ýmsum tölulegum upplýsingum er tengjast innra mati skólans er safnað saman á hverri önn. Þetta eru upplýsingar um fjölda nemenda í skólanum, kennslu, niðurstöður úr áföngum, brottfall o.fl.. Í sjálfsmati skóla felst að greina tölulegar upplýsingar í þeim tilgangi að leggja mat á skólastarfið, marka stefnuna og gera árlegar aðgerðaáætlanir. Hér á eftir má finna ýmsar tölulegar upplýsingar úr INNU.

TAFLA 4. FJÖLDI STARFSFÓLKIS

	H09	V10	H10	V11
Konur	15	16	14	14
Karlar	21	22	19	17
Alls:	36	38	33	31

TAFLA 53. ALDURSDREIFING STARFSFÓLKS (MEÐALTALSALDUR)

	H09	V10	H10	V11
Konur	45,6	46,2	45,6	45,2
Karlar	48,2	50,4	52,2	52,3

TAFLA 6. HÖFÐATALA INNRIÐRA NEMENDA EFTIR KYNI

	H09	V10	H10	V11
Konur	168	157	150	138
Karlar	177	148	151	139
Alls:	345	305	301	267

TAFLA 7. FJÖLDI INNRIÐRA NÝNEMA ÚR 10. BEKK Á UPPTÖKUSVÆÐI SKÓLANS

	H09	V10	H10	V11
Konur	31	2	39	1
Karlar	43	0	34	0
Alls:	74	2	73	1

TAFLA 8. NÁMSFRAMBOÐ

	H09	V10	H10	V11
Kest/viku Dagskóli	503,5	505,5	511,5	501,5
Forfallakennsla	30	0	30	18
Kest/viku Dreifnám	18,3	11	4	6
Kest/viku Starfsbraut	43	38	39	38
Kest/viku Kvöldskóli	12,3	6,4	0	0
Samt. kest/viku	607	561	585	564
Fjöldi áfanga í töflu utan starfsbrautar	106	112	105	113

TAFLA 9. NIÐURSTÖÐUR NOKKURRA MÆLANLEGRA MARKMIÐA

	Áætlun H2010	Mæld markmið	Áætlun V2011	Mæld markmið
Innritaðir nýnemar af norðanv. Vestfj.	98%	90%	Aðeins á haustönn	Aðeins á haustönn
Brottfall úr áföngum	8,0%	7,5	8,0%	7,5
Brottfall miðað við höfðatölu				
Hlutfall nemenda með 90% skólasókn	65%	47,5%	70%	48,5%
Nýnemar í viðtal til námsráðgjafa	100%	82,4%	Aðeins á haustönn	Aðeins á haustönn
Fjöldi áfanga með leiðsagnarmat	80%	41%	80%	50%
Endurmenntunarnámskeið kennara innan skólans	2	0	2	2
Hallalaus rekstur	7,3%	7,2%	2,1%	2,4%

Hvernig tókst til?

Færri nýnemar sóttu um skólann en áætlað var sem er áhyggjuefni. Líklegasta ástæðan er áframhaldandi brottflutningur fólks af svæðinu. Brottfall úr áföngum er aðeins minna en gert var ráð fyrir. Nokkuð vantar á að markmið hafi náðst um fjölda áfanga í leiðsagnarmati en greinilegt er að leiðsagarmatshópurinn er að draga fleiri kennara með sér. Vegna niðurskurðar undanfarin misseri hefur áföngum í dagskóla verið fækkað og hópar stækkaðir. Áframhaldandi niðurskurður á námsframboði kæmi niður á einu af aðalmarkmiðum skólans þ.e. „að bjóða fjölbreytt námsframboð svo allir nemendur fái tækifæri til að leggja stund á nám sem vakið getur áhuga þeirra og tekur mið af getu þeirra og framtíðaráformum“ auk þess sem það myndi ýta enn frekar undir brottflutning og fækkun ársnemenda.

Lokaorð

Áfram verður unnið að því að sjálfsmatið verði mikilvægur þáttur skólastarfsins í MÍ. Markmið MÍ er að byggja upp altækt og fjölbreytt sjálfsmatskerfi þar sem allir, bæði starfsfólk og nemendur, taka virkan þátt í að meta skólastarfið og setja fram tillögur um úrbætur. Lögð hefur verið áhersla á að

sjálfsmatið sé eðlilegur og sjálfsagður hluti af skólastarfinu auk þess sem unnið er að því að brydda upp á nýjungum og þróa matið áfram.

Ísafirði, 7. október 2011

Guðrún Á. Stefánsdóttir

Hildur Halldórsdóttir

Katrín Gunnarsdóttir

Rúnar Helgi Haraldsson

Viðauki – Niðurstöður þjónustukönnunar á myndrænu formi**1. Ég hef nýtt mér bókasafn skólans:**

Response	Average	Total
Já	78%	93
Nei	22%	26
Total	100%	119/119

2. Ég er ánægð(ur) með þjónustu bókasafnsins:

Response	Average	Total
ósammála	3%	4
frekar ósammála	3%	4
frekar sammála	22%	26
sammála	53%	63
tek ekki afstöðu	13%	15
Total	94%	112/119

3. Opnunartími bókasafnsins er hæfilegur:

Response	Average	Total
ósammála	6%	7
frekar ósammála	12%	14
frekar sammála	20%	24
sammála	39%	46
tek ekki afstöðu	13%	15
Total	89%	106/119




4. Ég hef nýtt mér mötuneyti skólans:

Response	Average	Total
Já	73%	87
Nei	27%	32
Total	100%	119/119







5. Ég er ánægð(ur) með þjónustu mötuneytisins

Response	Average	Total
ósammála	3%	4
frekar ósammála	3%	4
frekar sammála	23%	27
sammála	42%	50
tek ekki afstöðu	16%	19
Total	87%	104/119




6. Ég hef nýtt mér þjónustu námsráðgjafa:

Response	Average	Total
Já	 80%	95
Nei	 20%	24
Total	 100%	119/119







7. Ég er ánægð(ur) með þjónustu námsráðgjafanna:

Response	Average	Total
ósammála	 2%	2
frekar ósammála	 2%	2
frekar sammála	 29%	34
sammála	 46%	55
tek ekki afstöðu	 11%	13
Total	 89%	106/119




8. Ég hef nýtt mér þjónustu áfangastjóra skólans:

Response	Average	Total
Já	 47%	56
Nei	 53%	63
Total	 100%	119/119







9. Ég er ánægð(ur) með þjónustu áfangastjórans:

Response	Average	Total
ósammála	 3%	4
frekar ósammála	 4%	5
frekar sammála	 12%	14
sammála	 33%	39
tek ekki afstöðu	 20%	24
Total	 72%	86/119

10. Ég hef nýtt mér þjónustu ritara skólans:

Response	Average	Total
Já	 97%	116
Nei	 3%	3
Total	 100%	119/119

11. Ég er ánægð(ur) með þjónustu ritarans:

Response	Average	Total
ósammála	 9%	11
frekar ósammála	 11%	13
frekar sammála	 30%	36
sammála	 44%	52
tek ekki afstöðu	 3%	3
Total	 97%	115/119

12. Ég hef átt samskipti við húsvörð skólans:

Response	Average	Total
Já	53%	63
Nei	47%	56
Total	100%	119/119

13. Ég er ánægður með samskiptin við húsvörðinn:

Response	Average	Total
frekar ósammála	1%	1
frekar sammála	11%	13
sammála	40%	48
tek ekki afstöðu	20%	24
Total	72%	86/119

14. Ég hef átt samskipti við aðstoðarskólameistara:

Response	Average	Total
Já	40%	48
Nei	60%	71
Total	100%	119/119

15. Ég er ánægð(ur) með samskipti mín við aðstoðarskólameistarann:

Response	Average	Total
ósammála	1%	1
frekar ósammála	1%	1
frekar sammála	8%	10
sammála	29%	35
tek ekki afstöðu	25%	30
Total	65%	77/119

16. Ég hef átt samskipti við skólameistara:

Response	Average	Total
Já	31%	37
Nei	69%	82
Total	100%	119/119

17. Ég er ánægð(ur) með samskipti mín við skólameistarann:

Response	Average	Total
ósammála	8%	9
frekar ósammála	3%	3
frekar sammála	9%	11
sammála	16%	19
tek ekki afstöðu	22%	26
Total	57%	68/119

18. Ég hef átt samskipti fjármálastjóra:

Response	Average	Total
Já	12%	14
Nei	88%	105
Total	100%	119/119

19. Ég er ánægð(ur) með samskipti mín við fjármálastjóran:

Response	Average	Total
ósammála	3%	4
frekar ósammála	2%	2
frekar sammála	3%	3
sammála	7%	8
tek ekki afstöðu	30%	36
Total	45%	53/119

20. Ertu í fjarnámi eða dreifnámi við annan skóla?

Response	Average	Total
Já	13%	16
Nei	87%	103
Total	100%	119/119

21. Myndirðu vilja stunda dreifnám við MÍ?

Response	Average	Total
Já	46%	55
Nei	54%	64
Total	100%	119/119

22. Ertu skráður í P-nám við MÍ?

Response	Average	Total
Já	13%	16
Nei	87%	103
Total	100%	119/119

23. Ég er ánægð(ur) með fyrirkomulag P-náms

Response	Average	Total
ósammála	4%	5
frekar ósammála	6%	7
frekar sammála	5%	6
sammála	8%	9
tek ekki afstöðu	29%	34
Total	51%	61/119

24. Ég er með mína eigin tölvu í skólanum:

Response	Average	Total
Já	82%	97
Nei	18%	22
Total	100%	119/119

25. Ég fæ lánaða tölvu í skólanum:

Response	Average	Total
aldrei	44%	52
stundum	36%	43
oft	6%	7
Total	86%	102/119

26. Tölvur skólans virka vel:

Response	Average	Total
ósammála	30%	36
frekar ósammála	13%	15
frekar sammála	10%	12
sammála	10%	12
tek ekki afstöðu	12%	14
Total	75%	89/119